

**Strætó bs
annars vegar
og
Samiðn – samband iðnfélaga
f.h. aðildarfélaga
hins vegar**

gera með sér svofellt

samkomulag

um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. grein

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. nóvember 2008 til 31. ágúst 2009 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. grein

Laun

Núgildandi launatafla kjarasamningsins samkvæmt grein 1.1.1 hækkar sem hér segir:

Frá 1. nóvember 2008 hækka allar tölur mánaðarlauna dagvinnu um kr. 20.300,-

3. grein

Desemberuppbót

Persónuuppbót á árinu 2008 verður kr. 50.000,-

4. grein

Orlofsuppbót

Orlofsuppbót á árinu 2009 verður kr. 25.200,-

S. Jóns

[Handwritten signature]

5. grein

Veikindi barna

Grein 11.9.1 um veikindi barna yngri en 13 ára verður sem hér segir:

Annað foreldri/forsjármaður á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

6. grein

Fjölskyldu- og styrktarsjóður

Grein 12.3.1 í núgildandi samningi breytist þannig að iðgjald launagreiðanda hækki úr 0,41% af heildarlaunum í 0,75% af heildarlaunum. Breyting þessi taki gildi frá og með 1. janúar 2009.

7. grein



Mat á starfsaldri

Grein 1.3.3.1.1 verður sem hér segir:

Launaflokkar vegna starfsþróunar samkvæmt símenntunaráætlun stofnunar. Gert er ráð fyrir að hver stofnun/fyrirtæki setji fram símenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn í starfsáætlun sinni í starfsmannamálum til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna í samræmi við starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar. Starfsmaður, sem tekur virkan þátt í símenntunaráætlun, á rétt á hærri launum en ella. Forsenda launaflokkahækkunar þessarar er staðfest þátttaka starfsmanns í símenntunaráætlun stofnunar/fyrirtækis. Þessi laun geta breyst. Launaflokkar samkvæmt ofangreindu geta verið alls sex skv. eftirfarandi:

Eftir 1 ár í starfi	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 3 ár í starfi	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 5 ár í starfi	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 7 ár í starfi	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 9 ár í starfi	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 12 ár í starfi	Röðun einum launaflokk ofar en ella.

S. Jóns

Starfstími hlutavinnustarfmanna á mánaðarkaupi skv kjarasamningum skal metinn til jafns við starfsmenn í fullu starfi.

Þá skal einnig metinn starfstíma starfsmanns sem starfað hefur í sambærilegu starfi á föstu mánaðarkaupi hjá öðru sveitarfélagi eða ríki enda liggi staðfesting fyrri vinnuveitanda fyrir. Starfsmaður fær starfsaldur hjá öðrum vinnuveitanda metinn frá og með næstu mánaðarmótum eftir að hann hefur lagt fram staðfest gögn um starfstíma sinn. Starfstími starfsmanns á hjúkrunarheimilum (sjálfseignarstofnunum) og hjá fyrirtækjum ríkis og sveitarfélaga sem starfa í almannatjónustu er metinn á sama hátt.

Hafi starfsmaður fengið launaflokk/a vegna virkrar þátttöku í símenntunaráætlun stofnunar en sinnir ekki lengur þeirri skyldu án lögmætra forfalla missir hann þann/þá launaflokk/a er hann hefur fengið. Áður en til þess getur komið ber yfirmanni að greina starfsmanni frá að hann muni missa þennan rétt ef hann bæti ekki virkni sína skv. símenntunaráætlun og ber að útskýra fyrir starfsmanni hvernig hann getur bætt sig. Starfsmaður getur óskað eftir að trúnaðarmaður sé viðstaddur slíkt samtal.

8 .grein

Grein 2.5.6 breytist og verði þannig:

“Fari yfirvinna starfsmanns fram úr einum fimmta af vikulegri vinnuskyldu hans skal hann hafa val milli leyfis og launa sem því nemur, þannig að 1,8 klst. komi í stað unninnar yfirvinnustundar. Slíkt leyfi má aðeins taka í samráði við forstöðumann stofnunar.”

Þó fari heildarfrítaka starfsmanns samkvæmt grein 2.5.6, ekki umfram 108 vinnuskyldustundir á 12 mánaða tímabili og dreifist sem jafnast yfir árið. Yfirvinna utan hefðbundinnar verkstæðisvinnu, s.s. þrif falla ekki undir grein 2.5.6.

Skýring: Heildarfrítaka, þ.e. með helgidagsmorgnum samsvarar 60 yfirvinnustundum.

9 .grein

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp á lögformlegan hátt. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir 15. desember 2008 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 5. desember 2008


f.h. Strætó b.s.


f.h. Samiðn – samband iðnfélaga

f.h. aðildarfélaga

með fyrirvara um samþykki stjórnar

með fyrirvara um samþykki félagsmanna


Reynir Jonsson
Höndu Leislaun
Johannes Johansson


Sveinn Jónsson
Hilbert Jónsson
Porkjón Guðmundsson

Bókanir
með samkomulagi
Strætó bs.
og
Samiðn – samband iðnfélaga
f.h. aðildarfélaga
undirrituðu 5. desember 2008

Bókun 1
Endurhæfingarsjóður

Samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum gerðu samkomulag í febrúar s.l. um að hefja á árinu 2008 þróun nýs fyrirkomulags á endurhæfingu með því að stofna Endurhæfingarsjóð. Hann á að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Strætó bs. hefur ekki haft aðkomu að þessum viðræðum en mun leita eftir viðræðum við hlutaðeigandi aðila um aðild að sjóðnum.

Frá og með 1. nóvember 2008 mun Strætó greiða 0.13% af heildarlaunum inn á sérstakan biðreikning í vörslu Strætó bs. Strætó mun hefja greiðslur í sjóðinn þegar formleg aðild borgarinnar hefur verið staðfest.

Bókun 2
Skoðun á eðli veikinda starfsmanna

Fjarvistir vegna veikinda meðal starfsmanna Strætó bs. virðast vera ívið meiri en að jafnaði gerist á almennum vinnumarkaði. Aðilar eru því sammála um að vinna saman að því að fá hlutlausan fagaðila, sem aðilar komi sér saman um, til að framkvæma nákvæma skoðun á eðli veikinda starfsmanna. Í því sambandi eru aðilar sammála um, meðan á þessari skoðun stendur, verði sú vinnuregla viðhöfð að allir starfsmenn tilkynni allar fjarvistir vegna veikinda sinna og eðli þeirra til viðkomandi fagaðila í því skyni að afla sem bestra gagna um málið. Fagaðili mun að sjálfsgöðu halda trúnað um heilsufar einstakra starfsmanna skv. gildandi lögum um persónuvernd. Samþykki bókunnar er háð því að um hana náist viðtæk sátt þeirra stéttarfélaga sem aðild eiga.

Yfirlýsing

Þann 27. nóvember 2008 áttu fulltrúar stærstu aðila á íslenskum vinnumarkaði sameiginlegan fund til að kanna möguleika á því að ná viðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 vegna þeirra kjarasamninga sem eru til endurskoðunar eigi síðar en 15. febrúar 2009 og þeirra kjarasamninga sem renna út 2009. Aðilar þessarar yfirlýsingar eða fulltrúar þeirra áttu aðild að fundinum og er fullur vilji aðila þessarar yfirlýsingar að beita sér fyrir og taka þátt í slíkri sátt.


Náist sátt um sameiginlega niðurstöðu á almennum og opinberum vinnumarkaði, með þátttöku þeirra sem að þessari yfirlýsingu standa, þá mun sú niðurstaða gilda frá þeim tíma og með þeim breytingum sem niðurstaðan felur í sér.

Þeir sem standa að þessari yfirlýsingu munu leggja sitt af mörkum til að viðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 verði náð.

Reykjavík 5.12.2008




f.h. Strætó b.s

Með fyrirvara um samþykki stjórnar


Hönduð af Eis lauson
Jóhanna Jóhannsdóttir

f.h. Samiðnar – sambands iðnfélaga
f.h. aðildarfélaga

Með fyrirvara um samþykki félagsmanna

**Strætó bs
annars vegar
og
Samiðn – samband iðnfélaga
f.h. aðildarfélaga
hins vegar**

gera með sér svofellt

samkomulag

um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. grein

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. nóvember 2008 til 31. ágúst 2009 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. grein

Laun

Núgildandi launatafla kjarasamningsins samkvæmt grein 1.1.1 hækkar sem hér segir:

Frá 1. nóvember 2008 hækka allar tölur mánaðarlauna dagvinnu um kr. 20.300,-

3. grein

Desemberuppbót

Persónuuppbót á árinu 2008 verður kr. 50.000,-

4. grein

Orlofsuppbót

Orlofsuppbót á árinu 2009 verður kr. 25.200,-

S. Jóns

R

5. grein

Veikindi barna

Grein 11.9.1 um veikindi barna yngri en 13 ára verður sem hér segir:

Annað foreldri/forsjármaður á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

6. grein

Fjölskyldu- og styrktarsjóður

Grein 12.3.1 í nágildandi samningi breytist þannig að iðgjald launagreiðanda hækki úr 0,41% af heildarlaunum í 0,75% af heildarlaunum. Breyting þessi taki gildi frá og með 1. janúar 2009.

7. grein

Mat á starfsaldri

Grein 1.3.3.1.1 verður sem hér segir:

Launaflokkar vegna starfsþróunar samkvæmt símenntunaráætlun stofnunar. Gert er ráð fyrir að hver stofnun/fyrirtæki setji fram símenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn í starfsáætlun sinni í starfsmannamálum til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna í samræmi við starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar. Starfsmaður, sem tekur virkan þátt í símenntunaráætlun, á rétt á hærri launum en ella. Forsenda launaflokkahækkunar þessarar er staðfest þátttaka starfsmanns í símenntunaráætlun stofnunar/fyrirtækis. Þessi laun geta breyst. Launaflokkar samkvæmt ofangreindu geta verið alls sex skv. eftirfarandi:

Eftir 1 ár í starfi	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 3 ár í starfi	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 5 ár í starfi	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 7 ár í starfi	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 9 ár í starfi	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 12 ár í starfi	Röðun einum launaflokk ofar en ella.

S. Jóns

RJ

Starfstími hlutavinnustarfsmanna á mánaðarkaupi skv kjarasamningum skal metinn til jafns við starfsmenn í fullu starfi.

Þá skal einnig metinn starfstíma starfsmanns sem starfað hefur í sambærilegu starfi á föstu mánaðarkaupi hjá öðru sveitarfélagi eða ríki enda liggi staðfesting fyrri vinnuveitanda fyrir. Starfsmaður fær starfsaldur hjá öðrum vinnuveitanda metinn frá og með næstu mánaðarmótum eftir að hann hefur lagt fram staðfest gögn um starfstíma sinn. Starfstími starfsmanns á hjúkrunarheimilum (sjálfseignarstofnunum) og hjá fyrirtækjum ríkis og sveitarfélaga sem starfa í almannajónustu er metinn á sama hátt.

Hafi starfsmaður fengið launaflokk/a vegna virkrar þátttöku í símenntunaráætlun stofnunar en sinnir ekki lengur þeirri skyldu án lögmætra forfalla missir hann þann/þá launaflokk/a er hann hefur fengið. Áður en til þess getur komið ber yfirmanni að greina starfsmanni frá að hann muni missa þennan rétt ef hann bæti ekki virkni sína skv. símenntunaráætlun og ber að útskýra fyrir starfsmanni hvernig hann getur bætt sig. Starfsmaður getur óskað eftir að trúnaðarmaður sé viðstaddur slíkt samtal.

8 .grein

Grein 2.5.6 breytist og verði þannig:

“Fari yfirvinna starfsmanns fram úr einum fimmta af vikulegri vinnuskyldu hans skal hann hafa val milli leyfis og launa sem því nemur, þannig að 1,8 klst. komi í stað unninnar yfirvinnustundar. Slíkt leyfi má aðeins taka í samráði við forstöðumann stofnunar.”

Þó fari heildarfrítaka starfsmanns samkvæmt grein 2.5.6, ekki umfram 108 vinnuskyldustundir á 12 mánaða tímabili og dreifist sem jafnast yfir árið. Yfirvinna utan hefðbundinnar verkstæðisvinnu, s.s. þrif falla ekki undir grein 2.5.6.

Skýring: Heildarfrítaka, þ.e. með helgidagsmorgnum samsvarar 60 yfirvinnustundum.


9 .grein

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp á lögformlegan hátt. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir 15. desember 2008 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 5. desember 2008

f.h. Strætó b.s.


með fyrirvara um samþykki stjórnar


Reynir Jónsson
Höndur Elíasar
Johannes Þjarnarson

f.h. Samiðn – samband iðnfélaga

f.h. aðildarfélaga

með fyrirvara um samþykki félagsmanna


Sveinn Jónsson
Hilmar Guðmundsson
Þórunn Ástvaldur

Bókanir
með samkomulagi
Strætó bs.
og
Samiðn – samband iðnfélaga
f.h. aðildarfélaga
undirrituðu 5. desember 2008

Bókun 1
Endurhæfingarsjóður

Samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum gerðu samkomulag í febrúar s.l. um að hefja á árinu 2008 þróun nýs fyrirkomulags á endurhæfingu með því að stofna Endurhæfingarsjóð. Hann á að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Strætó bs. hefur ekki haft aðkomu að þessum viðræðum en mun leita eftir viðræðum við hlutaðeigandi aðila um aðild að sjóðnum.

Frá og með 1. nóvember 2008 mun Strætó greiða 0.13% af heildarlaunum inn á sérstakan biðreikning í vörslu Strætó bs. Strætó mun hefja greiðslur í sjóðinn þegar formleg aðild borgarinnar hefur verið staðfest.

Bókun 2
Skoðun á eðli veikinda starfsmanna

Fjarvistir vegna veikinda meðal starfsmanna Strætó bs. virðast vera ívið meiri en að jafnaði gerist á almennum vinnumarkaði. Aðilar eru því sammála um að vinna saman að því að fá hlutlausan fagaðila, sem aðilar komi sér saman um, til að framkvæma nákvæma skoðun á eðli veikinda starfsmanna. Í því sambandi eru aðilar sammála um, meðan á þessari skoðun stendur, verði sú vinnuregla viðhöfð að allir starfsmenn tilkynni allar fjarvistir vegna veikinda sinna og eðli þeirra til viðkomandi fagaðila í því skyni að afla sem bestra gagna um málið. Fagaðili mun að sjálfsögðu halda trúnað um heilsufar einstakra starfsmanna skv. gildandi lögum um persónuvernd. Samþykki bókunnar er háð því að um hana náist viðtæk sátt þeirra stéttarfélaganna sem aðild eiga.

Yfirlýsing

Þann 27. nóvember 2008 áttu fulltrúar stærstu aðila á íslenskum vinnumarkaði sameiginlegan fund til að kanna möguleika á því að ná viðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 vegna þeirra kjarasamninga sem eru til endurskoðunar eigi síðar en 15. febrúar 2009 og þeirra kjarasamninga sem renna út 2009. Aðilar þessarar yfirlýsingar eða fulltrúar þeirra áttu aðild að fundinum og er fullur vilji aðila þessarar yfirlýsingar að beita sér fyrir og taka þátt í slíkri sátt.


Náist sátt um sameiginlega niðurstöðu á almennum og opinberum vinnumarkaði, með þátttöku þeirra sem að þessari yfirlýsingu standa, þá mun sú niðurstaða gilda frá þeim tíma og með þeim breytingum sem niðurstaðan felur í sér.

Þeir sem standa að þessari yfirlýsingu munu leggja sitt af mörkum til að viðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 verði náð.

Reykjavík 5.12.2008

f.h. Strætó b.s

Með fyrirvara um samþykki stjórnar



f.h. Samiðnar – sambands iðnfélaga
f.h. aðildarfélaga

Með fyrirvara um samþykki félagsmanna

